

Snæfellsnessýsla – Staðarsveit

Böðvarsholt

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Böðvarsholtland liggur milli Hólkots og Bláfeldarlands að austan, en Kálfárvalla að vestan.

Bærinn stendur ofan til í miðju túni. Dys er í túninu, er heitir **Grýluþúfa** (1) - ummæli er á að ekki megi slá hana.

Vestan við túnið er **Lækjarlág** (2) og vestan við hana **Hjallholt** (3). Niður úr Lækjarlág koma **Lambatungusíki** (4) og niður úr því **Jarðbrúarlækur** (5), er mynda **Svertingsársíki** (6). Austur af því er **Skjónalækur** (7).

Neðarlega í flóanum, austan við Skjónalæk, eru tvær þúfur, sem heita **Ögmunarþúfur** (8).

Austur af bænum er **Lambatungulækur** (9) og þar austur af **Rauðslækur** (10). Allir þessir lækir koma undan **Böðvarsholtshlíð** (11), sem liggur fyrir ofan tún og engjar. Austast í hlíðinni er svo kallað **Stórgrýti** (12) austur undir **Veðurá** (13). Vestar, upp undan bænum, er **Skriðusporður** (14) og vestur af honum **Háibali** (15), er ræður merkjum milli Böðvarsholts og Kálfárvalla að ofan, en **Svertingsá** (16) að neðan.

Klettabelti er upp undan hlíðinni er heita **Böðvarsholtsklettar** (17). Í þeim vestarlega er **Banastallur** (18) í **Hellissnoppum** (19), þær skaga lengst niður í hlíðina. Upp af klettunum tekur við fjalllendi, **Kambur** (20) o.fl. (sjá við Hólkot).

Stafrófsskrá örnefna.

Banastallur 18
Böðvarsholtshlíð 11
Böðvarsholtsklettur 17
Grýluþúfa 1
Háibali 15
Hellissnoppur 19
Hjallholt 3
Jarðbrúarlækur 5
Kambur 20
Lambatungulækur 9
Lambatungusíki 4
Lækjarlág 2
Rauðslækur 10
Skjónalækur 7
Skriðusporður 14
Stórgrýti 12
Svertingsá 16
Svertingsársíki 6
Veðurá 13
Ögmundarþúfur 8